



Árสปing SSA

Um helgina fer fram árสปing Sambands Sveitarfélaga á Austurlandi. Þingið fer fram á Djúparvogi. Formaður sambandsins, Björn Hafþór Guðmundsson sveitarstjóri á Djúparvogi, er því í blutverki gestgjafa. Kristján Möller samgönguráðherra mun flytja ávarp. Menningarverðlaun Austurlands verða afhent með viðbófn á föstudagskvöldið og er það mál manna að útnefningin muni koma á óvart.

Margir leggja sér Austurlamb til munns



Sala Austurlambs hefur farið vel af stað í haust eins og undanfarin ár. Austurlamb er hægt að panta á netinu á samnefndri vefsíðu. Slátrun fyrir kaupendur Austurlambs hófst hjá Norðlenska fyrir í mánuðinum. Demi er um að bændur hafi stöðvað pantanir í bryggi sem eru langvinselasta vara Austurlambs.

austur glugginn

Fréttablað Austfirðinga
Verð í lausasölu kr. 400
Fimmtudagur 25. september

38. tbl. - 7. árg. - 2008

Áskriftarverð kr. 1.140 á mánuði

ISSN1670-3561

Mjóitfjörður
Neskaupstaður
Eskifjörður
Reyðarfjörður
Fáskrúðsfjörður
Stöðvarfjörður

**ÞÚ ERT
Á GÓÐUM
STAÐ**

FJARDABYGGÐ fjardabyggd.is

SECURITAS

Landflutningar - Samskip
Kaupvangi 25
700 Egilsstaðir
Sími 458 8800
Fax 458 8808

Opnunartími:
Mánudaga til föstudaga
frá kl. 08:00-16:00

Landflutningar
SAMSKIP



Það er ekkert grín að ferðast til og frá Seyðisfirði. Seyðisfirðingum er farið að leiðast þófið og hafa beðið eftir jarðgöngum í tugir ára. Nú ætla þeir að leita allra leiða. Mynð: EBP

Seyðfirðingum leiðist þófið

Leita allra leiða til að fá jarðgöng

Bæjarstjórn Seyðisfjarðar hefur samþykkt að leita allra leiða til að gerð verði jarðgöng á milli Seyðisfjarðar og Héraðs.

Í greinargerð með samþykkt bæjarstjórnar kemur fram að þjóðvegurinn um Fjarðarheiði er 27 kílómetra langar og liggur hæst í meira en 600 metra hæð yfir sjávarmáli. Fram kemur að ekkert annað byggðarlag þarf að treysta á fjallveg í slíkri hæð sem sitt eina vegasamband

við umheiminn. Lögð er áhersla á hversu miklu máli skiptir að leiðin sé greiðfær allt árið um kring. Í áratugi hefur hann þjónað mikilli viðbótar umferð sem skapaðist með tilkomu bílferjunnar Norrænu. „Með lengingu á árlegu siglingatímabili ferjunnar kemur enn betur í ljós hversu mikill farartálmi Fjarðarheiðin er. Jafnvel þótt á björtum sumardegum sé, er vegurinn varasamur, hvað þá þegar færð spillist og hálka, snjór og skafbyljir bætast við.“ segir í greinargerðinni.


Seyðfirðingar hafa lengi þrýst á að gerð verði jarðgöng til staðarins. Nú síðast studdu þeir stórhuga tengingu þéttbýliskjarna Mið-Austurlands með jarðgöngum allt frá Eskifirði um firði til Héraðs, kynnt undir vinnuheitinu „Samgöng“. Í greinargerðinni segir ennfremur: „Það hefur verið sannfering okkar og er ennþá að slík mannvirkjagerð væri hagkvæmari öll í einu lagi frekar en hver jarðgöng ein og ein. Erfitt virðist vera að afla svo stórhuga framkvæmd fylgis í einum áfanga.“

**Sjáumst í Bónus
á Egilsstöðum**

Bónus býður betur!

Sama verð um allt land!

**EKKERT
BRUÐL**



Afgreiðslutími í Bónus á Egilsstöðum

Mánudag til fimmtudags
12.00 til 18.30

**EKKERT
BRUÐL**

Föstudag 10.00 til 19.30
Laugardag 10.00 til 18.00
Sunnudag 12.00 til 18.00

ALLTAF LÆGRA VERÐ!